

Ökutæki sem skráð hafa verið fyrir gildistöku reglna þessara mega þó áfram bera skráningarmerki af eldri gerð, enda séu merkin heil og vel læsileg.

4. gr.

Reglur þessar eru settar í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með vísun til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, nr. 110 19. desember 1951, laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. nr. 106 17. desember 1954, og umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

Utánríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Grétar Már Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Hafnarfirði á byggingarleyfisumsóknum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði afgreiðir, án samþykkis byggingarnefndar, mál er varða sérbýlishús, þ.e.a.s. einbýlis-, par- og raðhús, viðbyggingar og minni mannvirki er uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða, breytingar á innra skipulagi mannvirkja, löggildingar iðnmeistara og 3ja fasa rafmagn.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi strax ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að meistari sem ábyrgð ber, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, ásamt síðari breytingum nr. 47/1990.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu. Í gerðabókinni skal koma fram hver sækir um byggingarleyfi, hvað verið er að byggja og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa getur hann skotið málinu til byggingarnefndar innan 14 daga og fer um meðferð kærumála skv. byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum, og samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Hann getur einnig skotið málinu til úrskurðar umhverfissráðherra, sbr. 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar sbr. 16. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfissráðuneytið, 19. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Grenivík.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds í Grenivík skal vera kr. 1.500 ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald. Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1996 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

| | |
|--|------------|
| a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku | kr. 7.000 |
| b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki | kr. 3.500 |
| c) Sumarhús | kr. 2.950 |
| d) Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku | kr. 7.000 |
| e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald | kr. 26.000 |

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

Endurprentað blað.